



Reglur um fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu Norðurþings

1. kafli Almenn atriði

1. gr. Inntak fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð skal veitt fólki í tímabundnum erfiðleikum og er hugsuð sem aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur til að mæta grunnþörfum þeirra. Einstaklingar yngri en 18 ára eiga alla jafna ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni. Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farboða, sbr. IV. og VI. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. 3. kafli reglna þessara.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, m.a. vegna heimilisstofnunar, náms eða óvæntra áfalla, sbr. 4. kafli reglna þessara.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum og sbr. 17. og 18. gr. þessara reglna.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, Vinnumálastofnun (VMST), lífeyrissjóðum, sjúkrasjóðum stéttarfélaga og námsstyrki.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsþjónustu, svo sem ráðgjöf félagsráðgjafa og leiðbeiningar í samræmi við 5. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Við vinnslu og meðferð umsóknar ber að sýna umsækjanda fyllstu virðingu og gæta trúnaðar um málefni hans.

Grunnupphæð fjárhagsaðstoðar tekur mið af vísitölu neysliverðs og skal breytt 1. janúar ár hvert í samræmi við hana.

2. gr. Framfærsluskylda

Hverjum manni er skytt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Einstaklingar sem eru í skráðri sambúð hjá Þjóðskrá Íslands og hafa verið skráð hjá Þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram eiga sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

3. gr. Réttur fylgir lögheimili¹

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda er dvalarsveitarfélagi skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur viðkomandi sveitarfélags. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Einstaklingar með lögheimili í Norðurþingi og öðrum sveitarfélögum sem eru með gildandi þjónustusamning við Norðurþing, geta sótt um fjárhagsaðstoð skv. reglum þessum.

4. gr. Lækkun grunnfjárhæðar²

Hafni einstaklingur vinnu eða vinnumarkaðsúrræðum, hefur verið settur á bið hjá VMST eða fyrirgert rétti sínum til atvinnuleysisbóta með öðrum hætti skal fjárhagsaðstoð skerðast um helming þann sama mánuð og mánuðinn þar á eftir.

Ef einstaklingur hefur þegið fjárhagsaðstoð í þrjá mánuði á 12 mánaða tímabili skal gera samning um félagslega ráðgjöf sem hefur hjálp til sjálfshjálpar að markmiði. Hafni viðkomandi slíku er heimilt að lækka fjárhagsaðstoð um helming eða henni verður hætt, enda liggi fyrir rökstuddar ástæður af hálfu stofnunarinnar.

Einstaklingur sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu á grundvelli læknisvottorðs um óvinnufærni skal í samvinnu við starfsmann gera samning um félagslega ráðgjöf sem miðar að því að hann nái vinnufærni að öllu leyti eða að hluta. Sinni einstaklingur ekki samningi um félagslega ráðgjöf skal fjárhagsaðstoð skerðast um helming þann sama mánuð og mánuðinn þar á eftir nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því.

Einstaklingar sem eru að afplána dóma eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð, sama gildir um einstaklinga sem taka út refsingu í samfélagsþjónustu og þá sem ljúka afplánun utan fangelsis.

5. gr. Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 19. gr. þessara reglna og 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Á meðan umsókn einstaklings er í vinnslu hjá VMST á viðkomandi ekki rétt á fjárhagsaðstoð í formi styrks þar sem hann hlýtur atvinnuleysisbætur frá dagsetningu umsóknar. Einstaklingar sem bíða eftir niðurstöðu umsóknar hjá VMST eða endurmati á endurhæfingalífeyri eða örorku frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) geta sótt um fjárhagsaðstoð í formi láns sem endurgreiðist að fenginni greiðslu frá VMST eða TR í formi eingreiðslu. Lán eru vaxtalaus.

¹ Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu, sbr. 1. mgr. 1. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990..

² Heimild til að skerða grunnfjárhæðina hjá þeim sem hafnar vinnu eða hefur sagt starfi sínu lausu byggir á því að umsækjandi hafi ekki sýnt fram á með sannanlegum hætti að hann hafi leitast við að framfæra sjálfan sig sbr. 2. gr. reglna um fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu Norðurþings. Hjá þeim sem er atvinnulaus en framvísar ekki staðfestingu á umsókn hjá VMST byggir heimildin á því að hann hafi ekki kannað að fullu rétt sinn til annarra greiðslna sbr. 4. mgr. 1. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.



Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að umsækjandi heimili að endurgreiðslan verði dregin út af bankareikningi hans og að fyrir liggi undirritaður samningur um endurgreiðslu.

Fjárhagsaðstoð telst til skattskyldra tekna en ekki er tekin af henni skattur við útborgun. Það þarf því að halda eftir skattkorti á móti væntanlegri staðgreiðslu. Að öðrum kosti má búast við bakreikningi frá hinu opinbera þegar staðgreiðsla skattársins er gerð upp. Um frádrátt staðgreiðslu vísast til laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

6. gr.

Tímabil samþykkis hverju sinni

Fjárhagsaðstoð er að jafnaði eftirágreidd. Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjú mánuði. Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá TR og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn.

7. gr.

Fjárhagsaðstoð aftur í tímann

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en í sex mánuði skulu vera kannaðar sérstaklega og einstaklingum veitt félagsleg ráðgjöf í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

2. kafli

Umsókn um fjárhagsaðstoð

8. gr.

Umsókn

Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð sem hægt er að nálgast á skrifstofu félagsþjónustu Norðurþings eða rafrænt á heimasíðu sveitafélagsins. Einnig er hægt að sækja rafrænt um fjárhagsaðstoð á slóðinni <https://island.is/umsoknir/fjarhagsadstod> en þar þarf að notast við rafræn skilríki. Í umsókn eiga að koma fram upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

9. gr.

Fylgigögn og skilyrði

Umsókn skal fylgja staðfest skattframtal vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan. Á það einnig við um greiðslur frá TR, lífeyrissjóðum, VMST, sjúkrasjóðum stéttarfélagum eða öðrum aðilum.



Í þeim tilvikum sem umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa staðfestingu á nýskráningu frá VMST er staðfestir atvinnuleysi hans. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa greiðsluseðli frá VMST. Hafi umsækjandi ekki skráð sig hjá VMST, án viðhlítandi skýringa, hefur það áhrif á fjárhæð sbr.

4. gr. þessara reglna. Jafnframt skal umsækjandi framvísa staðfestingum á umsóknum um störf. Umsækjandi skal að lágmarki sækja um eitt starf í viku. Þegar umsækjandi er ekki vinnufær skal hann framvísa læknisvottorði þess efnis. Á læknisvottorði skal koma fram ástæða óvinnufærni og hversu lengi áætlað er að umsækjandi verði óvinnufær. Hafi umsækjandi fengið fjárhagsaðstoð samfelt í þrjá mánuði eða ef umsækjandi er undir 25 ára aldri skal hann mæta í viðtal til félagsráðgjafa félagsþjónustu og aðstæður hans kannaðar sérstaklega og félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Erlendum ríkisborgurum ríkis innan EES ber að framvísa staðfestingu á lögheimilisskráningu. Í þeim tilvikum sem umsækjandi er erlendur ríkisborgari utan EES ber honum að framvísa skírteini um dvalarleyfi og staðfestingu á lögheimilisskráningu.

10. gr.

Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda

Umsækjendum er skylt að veita starfsmanni félagsþjónustu rétt til að afla frekari upplýsinga um aðstæður sínar þ.e. upplýsingar úr skattframtölum og um tekjur og eignir. Samráð skal hafa við umsækjanda áður en upplýsinga er leitað sbr. 59. og 62. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Heimilt er að hafna aðstoð ef umsækjandi neitar leyfis til að afla upplýsinga.

Eigi umsækjandi, maki eða sambúðaraðili peningalegar eignir eða aðrar eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í og eina fjölskyldubifreið eða hafa nýlega selt eignir sínar skal honum vísað á lánaþyrgreiðslu banka þó að tekjur hans séu undir viðmiðunarmörkum.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð í formi láns ef umfram eignir eru settar á sölu og framvísað staðfestingu þess efnis. Lán kemur til endurgreiðslu við sölu umframeigna.

11. gr.

Skyndiaðstoð

Heimilt er að veita skyndiaðstoð í neyðartilvikum án þess að öll gögn liggi fyrir. Skal þetta gert að mati starfsmanns og í samráði við yfirmann sé þess kostur. Fullunnin umsókn skal lögð fyrir næsta afgreiðslufund. Skyndiaðstoð getur aldrei orðið hærrí en ein grunnfjárhæð.



3. kafli

Réttur til fjárhagsaðstoðar

Mat á fjárförf og útreikningur fjárhagsaðstoðar

12. gr.

Grunnfjárhæð, framfærsla barna talin með

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð er grunnfjárhæð lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur sbr. 12. gr. reglna þessara.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna effir því sem við á sbr. reglur þessar.

Fjárhagsaðstoð til einstaklinga 18 ára og eldri tekur mið af útgjöldum vegna dag- legs heimilishalds og getur numið allt að 213.916 kr.³ á mánuði, hér eftir nefnd grunnfjárhæð⁴.

- Framfærslugrunnur vegna einstaklinga 18 ára og eldri sem sannanlega reka eigið heimili er 1,0 – 213.916 kr. Með rekstri eigin heimilis er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning því til staðfestingar eða staðfestingu á reglulegum leigugreiðslum a.m.k. sl. 3 mánuði því til staðfestingar.
- Framfærslugrunnur einstaklinga sem dvelja á sjúkra- eða meðferðarstofnun samsvarar upphæð vasapeninga (ráðstöfunarfé) eins og hún er skilgreind hjá TR hverju sinni.
- Framfærslugrunnur hjóna og fólks í sambúð er 1,6 – 342.266 kr. Með sambúð er átt við sambúð sem hefur verið skráð hjá Þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð sbr. 2. gr. reglna þessara.
- Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem búa með öðrum, hvort sem það er hjá foreldrum, ættingjum eða öðrum aðilum og njóta hagræðis að því eða hafa ekki aðgang að húsnæði lækkar um 40% og er því 128.350 kr.
- Framfærslugrunnur hjóna og fólks í sambúð án húsnæðis lækkar um 40% og er því 205.359. kr.

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert ráð fyrir því að aukalegur kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum og meðlögum ef við á. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar að fullu við mat á fjárförf.

13. gr.

Tekjur umsækjanda/maka

Allar tekjur umsækjanda og maka ef við á, í þeim mánuði er sótt er um og mánuðinum á undan eru taldar með við mat á fjárförf.

Með tekjum er hér átt við allar innlandar og erlendar skattskyldar tekjur einstaklinga og sambúðaraðila/maka⁵, þ.e. atvinnutekjur, aðrar skattskyldar tekjur, allar greiðslur frá TR, greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaganna, atvinnuleysisbætur, leigutekjur, verktakagreiðslur, greiðslur úr fæðingarorlofssjóði, mæðra- og feðralaun og framlag til menntunar eða starfsþjálfunar samkvæmt 62. gr. barnaverndarlaga nr. 76/2003 sem ungmenni 18-20 ára kunna að fá og koma til frádráttar.

Greiðslur vegna barna teljast ekki til tekna enda ekki reiknað með framfærslukostnaði

³ Skv. vísitölu neysluverðs, janúar 2024.

⁴ Grunnupphæð tekur mið af vísitölu neysluverðs og skal breytt 1. janúar ár hvert í samræmi við hana.

⁵ Hér er átt við tekjur í skilningi laga um tekju- og eignaskatt, nr. 75/1981.



vegna þeirra við mat á fjárþörf. Umönnunarbætur, meðlög, barnabætur, húsnæðisbætur, sérstakur húsnæðisstuðningur og vaxtabætur teljast ekki til tekna.

Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá. Ef meðaltal tekna sl. tveggja mánaða fer yfir lágmarkslaun⁶, skerðist grunnfjárhæð sem því nemur.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsnæðisbóta og hluta af framfærslugrunni.

14. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006, sbr. 1. gr. reglna þessara⁷.

Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og leiti að fullu starfi.

Sé umsækjandi sjálfstætt starfandi eða launþegi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá VMST og leiti að fullu starfi. Ef einstaklingur er ekki að fullu vinnufær ber honum að skila inn læknisvottorði þess efnis.

15. gr.

Mat á tekjum bænda

Stundi umsækjandi búrekstur skal mat á tekjum byggt á skattframtali síðasta árs vegna umsókna sem berast fyrir 1. júlí ár hvert en með umsóknum sem berast síðar skal einnig fylgja rekstrar- og efnahagsyfirlit uppfært til 30. júní sl. Þá liggja einnig fyrir greiðslumark búsins, breytingar á bústofni, yfirlit yfir eignir og skuldir aðrar en þær er tengjast viðkomandi rekstri auk tekna utan bús undanfarna tvo mánuði. Fjárþörf skal miða við grunnfjárþörf, sbr. 12. gr. reglna þessara.

⁶ Lágmarkslaun skv. Framsýn eins og þau koma fram í launatöflu hverju sinni.

⁷ Í rökstuddum tilfellum má gera undantekningu frá þeirri kröfu að atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar hafi stöðvað rekstur fyrsta mánuðinn sem sótt er um aðstoð. Í þeim tilvikum er umsækjanda skylt að leggja fram skattframtal og leitast við að afa rekstrar- og efnahagsreiknings, uppfærðs til næstu mánaðamóta fyrir umsóknardag, sé um bókhaldsskyldan rekstur að ræða.



4. kafli

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

16 .gr.

Sérstakir fjárhagserfiðleikar

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki styrk vegna sérstakra fjárhagserfiðleika að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnanna.
- fyrir liggja á hvern hátt styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra.
- styrkur kemur einungis til álita hafi umsækjandi haft tekjur á eða undir lágmarkslaunum undanfarandi sex mánuði eða lengur.
- fyrir liggja samkomulag um félagslega ráðgjöf og/eða fjármálaráðgjöf.

Ekki er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði eða aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skattaskulda og sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

Aðstoð samkvæmt þessari grein er veitt vegna barna, þ.e. leikskólaskuld, skuld vegna skólagæslu og fæðis í skóla og enn fremur vegna húsnæðis, þ.e. húsaleigu, fasteignagjalda, rafmagns og hita, að hámarki tvær grunnfjárhæðir (427.832 kr.) fyrir hvert heimili á ári.

17. gr.

Aðstoð til tekjulágra foreldra vegna barna á þeirra framfæri⁸

Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf í þágu barna, er heimilt að veita foreldri/um styrk sem nemur heildarkostnaði eða hluta hans vegna liða a-e hér fyrir neðan: (þegar barn eða börn eru skráð með lögheimili hjá foreldri felst aðstoð í greiðslu/greiðslum vegna eftirfarandi a-e).

- Heimilt er að veita tekjulágum⁹ foreldrum aðstoð til að greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, lengdan skólalaga, sumardvöl og/ eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 15% af grunnfjárhæð einstaklinga (32.087 kr.) á mánuði. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Ávallt skal liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf eða annarskonar samstarf.
- Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fermingarstyrk. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju fermingarbarni nemur 50% af grunnfjárhæð einstaklinga (106.958 kr.).
- Heimilt er að veita fæðingarstyrk til tekjulágra foreldra sem eru að eiga sitt fyrsta barn og hafa átt við félaglega erfleika að etja. Aðstoðin er hugsuð til þess að kaupa útbúnað vegna barnsins s.s. vagn, rúm og fleira. Hámarksaðstoð skal miðast við 50% af grunnfjárhæð einstaklinga (106.958 kr.).
- Heimilt er að veita jólastyrk til tekjulágra foreldra sem eru með börn á framfæri undir 18 ára aldri. Upphæðina skal miða við 15% af grunnfjárhæð fyrir hvert barn (32.087 kr.).

⁸Rétt er að benda einstæðum foreldrum á ákvæði barnalaga nr. 76/2003 þar sem fjallað er um heimildir til að úrskurða framfærsluskýldan aðila til að inna af hendi sérstök framlög vegna útgjalda við skírni barns, fermingu, vegna sjúkdóms eða greiftrunar eða af öðru sérstöku tilefni. Er rétt að starfsmenn félagsþjónustunnar kynni sér í heild ákvæði IX. kafla barnalaga nr. 76/2003 sem fjallar um framfærslu barna. Í 60. gr. fyrrgreindra laga er fjallað um úrskurð vegna sérstakra útgjalda.

⁹ Með tekjulágum foreldrum er átt við þá foreldra sem hafa tekjur um eða undir lágmarkslaunum eða að teknu tilliti til skulda/greiðslubyrðði og samkomulag liggja fyrir um fjármálaráðgjöf.



- e. Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað, skólagjöld og ferðakostnað til og frá skóla. Skilyrði fyrir aðstoð vegna náms barna er að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki, nr. 79/2001¹⁰ eins og við á og fjárþörf síðan metin að teknu tilliti til námsstyrksins. Hámarksaðstoð skal miðast við 50% af grunnfjárhæð einstaklinga fyrir hverja önn (106.958 kr.).

Þegar barn eða börn eru ekki með lögheimili hjá foreldri felst aðstoð í greiðslu á áfallandi meðlagi/meðlögum sem umsækjandi hefur greitt reglulega fram að þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Upphæðin greiðist til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Staðfestur samningur meðlagsgreiðslu skal liggja fyrir frá sýslumanni.

18. gr. Greiðslur meðlags

Þegar tekjur umsækjanda eru við eða lægri en grunnfjárhæð skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi hefur greitt með reglulega fram að þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Hækkar fjárhagsaðstoðin sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna þrjú mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir.

19. gr. Fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns eru eftirfarandi:

- Að staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnanna.
- Að umsækjandi notfæri sér greiðsluþjónustu banka eða sparisjóða, enda liggja fyrir mat á endurgreiðslugetu umsækjanda.
- Ef um lán er að ræða vegna húsaleigu eða tryggingargjalds skal lánið að öllu jöfnu endurgreiðast með húsaleigubótunum. Hámarkslán er allt að 300.000 krónur.
- Að fyrir liggja undirritaður samningur um endurgreiðslu.

Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá félagsþjónustunni skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu áður en nýtt lán er veitt. Að öllu jöfnu skal ekki veita umsækjanda lán ef hann hefur fengið afskrifað lán frá félagsþjónustunni/sveitarfélögunum á síðustu 12 mánuðum.

Framfærslulán er að öllu jöfnu ekki veitt lengur en 3 mánuði samfelld.

20. gr. Styrkur vegna húsbúnaðar

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a. Til tekjulágra einstaklinga, sem eru eignalausir og eru að stofna heimili í fyrsta sinn eða eru að stofna heimili eftir virka endurhæfingu eða eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun.

¹⁰ Lög um námsstyrki nr. 79/2003 tóku gildi 1. júlí 2003 og fjalla um námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum. Styrkirnir eru eftirfarandi sbr. 3. gr. fyrrgreindra laga: Dvalarstyrkur (ferða-, fæðis- og húsnæðisstyrkur), skólaakstursstyrkur og sérstakir styrkir. Námsstyrkjanefnd auglýsir eftir umsóknum um styrki fyrir vor- og haustönn og úthlutar styrkjum. Menntamálaráðherra setur reglugerð um ákvæði laga um námsstyrki nr. 79/2003 þar sem mælt er fyrir um frest til að skila umsóknum o. fl.



- b. Til ungs fólks á aldrinum 18–30 ára sem er eignalaust, með tekjur við eða undir grunnfjárhæð, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn.
- c. Til ungra tekjulágra foreldra á aldrinum 18–30 ára sem eru eignalausir, hafa átt í miklum félagslegum erfiðleikum og eru að stofna heimili í fyrsta sinn.
- d. Til öryrkja sem eru að hefja sjálfstæða búsetu.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru sem nemur einni grunnfjárhæð (213.916. kr.). Þegar einstaklingur er að flytjast á sambýli eru mörkin helmingur grunnfjárhæðar. Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

Gildistími umsóknar eru þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.

21. gr. Desember styrkur

Heimilt er að veita þeim sem notið hafa fjárhagsaðstoðar undanfarna þrjú mánuði samfelld sérstaka desemberuppbót sem nemur 25% af grunnfjárhæð einstaklings (53.479 kr.). Heimilt er að veita sérstaka aðstoð vegna barna sem nemur 15% af grunnfjárhæð á barn (32.087 kr.) sbr. d. lið. 17. gr. reglna um fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu Norðurlþings.

22. gr. Styrkur vegna félagsþjónustu.

Heimilt er að veita styrk til einstaklinga vegna:

- a. Greiðslna liðveislu vegna fatlaðra einstaklinga þ.e vegna kostnaðar við framkvæmd liðveislu sbr. reglur um stuðningsþjónustu Norðurlþings.
- b. Hlut aðstoðarþega í greiðslu vegna heimabjónustu skv. gjaldskrá heimabjónustu.

Skilyrði er að umsækjendur hafi einungis tekjur frá TR eða að tekjur nái ekki grunnfjárhæð.

23. gr. Styrkur vegna íslenskunáms

Heimilt er að veita nýbúum styrk til íslenskunámskeiðs. Skilyrði er að umsækjandi uppfylli viðmið skv. 3. kafla þessara reglna og ljúki námskeiðinu.

24. gr. Styrkur vegna öryggishnapps

Heimilt er að veita lífeyrisþegum fjárhagsaðstoð vegna öryggishnapps. Skilyrði er að umsækjendur hafi einungis tekjur frá TR eða tekjur nái ekki grunnfjárhæð og þeir þurfi samkvæmt læknisvottorði öryggishnapp til að geta búið heima.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru að hámarki hlutur umsækjanda í stofnkostnaði sem TR greiðir ekki¹¹.

25. gr. Greiðsla sérfræðiaðstoðar

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð vegna kostnaðar við:

¹¹ Mikilvægt er að réttur til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins hafi verið kannaður til hlítar.



- a. Viðtöl hjá félagsráðgjöfum, geðlæknum, sálfræðingum, sjúkráþjálfun, iðjuþálfum og sérfræðingum í fjármálaráðgjöf sem liður í umfangsmeiri aðstoð og fyrirsjáanlegt er að eigi sé hægt að veita þjónustuna innan félagsþjónustunnar eða á vegum heil-brigðisstofnanna.
- b. Læknis- eða lyfjakostnaðar.
- c. Hjálpartæki svo sem gleraugu, fatnað, heyrnartæki og önnur hjálpartæki sem TR tekur ekki þátt í að greiða.
- d. Nauðsynlegar tannlækningar til einstaklinga sem fullnægja a.m.k. einu eftirfarandi skilyrða:
 - Hafa átt við langvarandi atvinnuleysi að stríða eða verið tekjulausir undanfarna sex mánuði eða lengur.
 - Eru líffeyrisþegar.
 - Hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu undanfarna 6 mánuði.
 - Kostnaðar áætlun skal fylgja með umsókn.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru ein grunnfjárhæð einstaklings á ári (213.916 kr.).

Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.

26. gr. Útfararstyrkir

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk:

- Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna og útprentun úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra.
- Staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks. Styrkur frá stéttarfélagi kemur til frádráttar frá aðstoð félagsþjónustu Norðurlánga.
- Tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991 eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr. og sbr. 28. gr. sömu laga.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar. Útfararstyrkur getur numið allt að einni og hálfri grunnfjárhæð einstaklings (320.874 kr.).

27. gr. Áfallaaðstoð

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð í eftirfarandi tilvikum:

- a. Vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna, skriðufalla, snjóflóða eða annarra hamfara. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilistryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið,



- b. Þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum er heimilt að veita aðstoð til kaupa á búslóð.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru ein grunnfjárhæð einstaklings (213.916 kr.).

28. gr. Námsmenn / námsstyrkir

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði Íslenskra Námsmanna geta að öðru jöfnu ekki sótt um fjárhagsaðstoð. Sama á við um maka eða sambýlismann námsmanns, enda sé gert ráð fyrir framfærslu maka við útreikning námslána. Aðrir námsmenn eiga ekki rétt til fjárhagsaðstoðar nema fullnægt sé skilyrðum reglna þessara um námstyrki/lán vegna náms.

Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum og aðstoðin miðast við grunnfjárhæð ásamt skólagjöldum og bókakostnaði:

- Til einstaklinga 18–24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna fjárhagslegra og/eða félagslegra erfiðleika.
- Til tekjulágra einstæðra foreldra 18–30 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla.
- Til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á að hefja lánshæft nám.

Starfsmaður skal meta námsframvindu¹² í hverju tilviki miðað við aðstæður hvers og eins. Aðstoðin skal vera liður í umfangsmeiri vinnu hjá félagsþjónustu.

29. gr. Fjárhagsaðstoð vegna áfengis- og/eða vímuefnavanda

Umsækjendum sem eiga við áfengis-/vímuefnavanda skal leiðbeint um viðeigandi meðferðarstofnanir. Umsækjandi sem er í meðferð á stofnun, áfangaheimili, í neyðarathvarfi eða á meðferðarheimili og er tekju- og/eða réttindalaus, þ.e. nýtur ekki vasapeninga frá TR eða annarra bóta, getur sótt um fjárhagsaðstoð sem nemur meðferðargjaldi á stofnun og framfærslu sem samsvarar upphæð vasapeninga (ráðstöfunarfé) eins og hún er skilgreind hjá TR hverju sinni. Dvalargjald er greitt beint til viðkomandi stofnunar eftir á.

Samtals getur styrkurinn aldrei verið hærrí en grunnfjárhæð einstaklinga hverju sinni (213.916 kr.).

30. gr. Sérstök aðstoð vegna stuðningsvinnu og /eða annarra sérstakra aðstæðna

Heimilt er að veita einstaklingum sem taka þátt í markvissum stuðningi sérstaka aðstoð með það að markmiði að styrkja þá til sjálfshjálpar. Aðstoðin miðar að því að viðhalda árangri sem náðst hefur með stuðningsvinnu. Skilyrði er að umsækjandi eigi, eða hafi átt í miklum félagslegum erfiðleikum og hafi að mati ráðgjafa, raunverulegan áhuga á endurhæfingu.

¹² Nemandi skal leggja fram yfirlit yfir skólasókn mánaðarlega. Skólasókn skal ekki vera undir 80% og standast námsmat við lok anna. Auk þess er starfsmanni félagsþjónustunnar heimilt að kalla eftir frekari upplýsingum um ástundun og námsframvindu. Miðað skal við að námið leiði til starfsréttinda eða þess að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði Íslenskra Námsmanna. Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu þar til nám klárast. Einnig er heimilt að stöðva greiðslur til einstaklinga sýni þeir ekki fram á 80% námsárangur miðað við fullt nám.



Heimilt er að veita styrk til foreldra vegna sérstakra þarfa barna enda sé það hluti af umfangsmikilli stuðningsáætlun og til þess fallið að viðhalda árangri sem náðst hefur með stuðningsvinnu. Skilyrði er að umsækjandi eigi í miklum félagslegum erfiðleikum og/ eða að málefni barns séu unnin á vegum Keldunnar hjá félagsþjónustu Norðurþings.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru ein grunnfjárhæð einstaklinga á ári (213.916 kr.).

5. kafli

Málsmeðferð

sbr. ákvæði stjórnýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

31. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef fjölskylduráði Norðurþings berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Starfsmenn félagsþjónustunnar skulu taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

32. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti talsmann hans ef við á.

33. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn og fulltrúar í fjölskylduráði kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

34. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega- og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið félagsþjónustunnar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.



35. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fjótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

36. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur félagsþjónustan endurkafið viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

37. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn félagsþjónustunnar¹³ taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskylduráðs Norðurlþings.

Fjölskylduráð Norðurlþings hefur heimild til að veita undanþágu frá þessum reglum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni.

38. gr

Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð

Þar sem starfsmenn félagsþjónustu hafa umboð til að taka ákvörðun um fjárhagsaðstoð skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að fjölskylduráð Norðurlþings fjalli um umsóknina. Skal það gert skriflega innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda berst vitneskja um ákvörðun.

Fjölskylduráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fjótt sem unnt er. Ákvörðun fjölskylduráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

39. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Ákvörðun fjölskylduráðs má skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun fjölskylduráðs

40. gr.

Gildistaka

Reglur þessar sem samdar eru samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 taka gildi 1. febrúar 2020.

¹³ Starfsmenn félagsþjónustunnar sjá um framkvæmd fjárhagsaðstoðar og er heimilt að afgreiða einstakar umsóknir samkvæmt reglum þessum. Fjölskylduráð er stjórnarnefnd félagsþjónustunnar í umboði bæjarstjórnar.



Reglur þessar eru samþykktar í fjölskylduráði Norðurþings og staðfestar af sveitarstjórn Norðurþings í samræmi við 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Samþykkt í Sveitastjórn Norðurþings 20.02.2019

Heildar endurskoðun, samþykkt í fjölskylduráði Norðurþings 06.04.2020

Heildar endurskoðun, samþykkt í sveitastjórn Norðurþings 21.04.2020

Heildar endurskoðun, samþykkt á 83. fundi fjölskylduráðs Norðurþings 2021

Heildar endurskoðun, samþykkt á 126. fjölskylduráðs Norðurþings 2022

Heildar endurskoðun, samþykkt í sveitarstjórn Norðurþings 22.09.2022

Heildar endurskoðun, samþykkt á 152. fundi fjölskylduráðs Norðurþings 2023

Heildar endurskoðun, samþykkt í sveitarstjórn Norðurþings 15.06.2023

Heildar endurskoðun, samþykkt í sveitarstjórn Norðurþings 30.11.2023

Heildar endurskoðun, samþykkt í sveitarstjórn Norðurþings 22. 02.2024

